

Akureyrarbær kt. 410169-6229 og Menningarfélag Akureyrar (MAk) kt. 431014-0330, gera með sér svofelldan

SAMNING

um rekstur Leikfélags Akureyrar (LA), Menningarhússins Hofs (MH) og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands (SN).

1. Almenn markmið

Með þessum samningi er fest í sessi til næstu 3. ára það fyrirkomulag að MAk reki undir einum hatti þá starfsemi sem félögin þrjú, LA, MH og SN höfðu áður með höndum. Allur rekstur verður á einni hendi og MAk ber eitt alla ábyrgð á verkefnum, skyldum og réttindum sem af þessum samningi leiða.

Almenn markmið með starfsemi MAk eru:

- a) Öruggur rekstur og góð meðferð og nýting opinberra fjármuna
- b) Að halda úti og efla atvinnustarfsemi í leiklist og sinfónískri tónlist á Norðurlandi
- c) Að stuðla að auknu framboði og fjölbreytileika í menningar- og listalífi Norðurlands
- d) Að bjóða upp á fyrirmyndarvettvang fyrir tónlistar- og sviðslistaviðburði, fundi og ráðstefnur á Norðurlandi
- e) Að Akureyringar og gestir fái notið þeirra tækifæra sem MAk hefur að bjóða, m.a. með þátttöku í samfélagslegum verkefnum sem stuðla að því að sem flestir angar lista- og menningarlífs skjóti rótum
- f) Að MAk bjóði upp á viðburði sem auka menningarlæsi gesta á öllum aldri og tryggi að reglulega verði boðið upp á vandaða viðburði fyrir börn sem og reglulegar kynningar fyrir nemendum leik- og grunnskóla.


2. Helstu verkefni samningsins og sérstök markmið með þeim

Helstu verkefni sem MAk tekur að sér skv. samningi þessum eru (1) rekstur atvinnuleikhúss, (2) rekstur sinfóníuhljómsveitar og (3) rekstur fyrirmyndar vettvangs fyrir list- og menningarviðburði ásamt aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur. Markmiðið er að félagið nýti sameiginlega krafta sviða við framleiðslu list- og menningarviðburða sem bera samstarfinu vitni.

Meginmarkmið einstakra þátta:

2.1 Rekstur atvinnuleikhúss:

Að koma á fót leikhópi á samningstímabilinu með fastráðnum og verkefnaráðnum leikurum. Samsetning leikhóps skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og þeim verkefnum sem eru á dagskrá. Sviðsetja að lágmarki 3 leikverk á hverju leikári, annað hvort sem eigin framleiðsla eða í samstarfi við aðrar sviðslistastofnanir.



Viðhalda heiðri og merki Leikfélags Akureyrar og tryggja samhengi í sögu þess.

Byggja upp og viðhalda áhorfendahópi með það að markmiði að auka fjölbreytni, dýpka leikhúsupplifun og auðga menningarlæsi áhorfenda á öllum aldri.

2.2 Rekstur sinfóníuhljómsveitar

Halda úti rekstri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Að tónleikar hennar verði ekki færri en sjö á hverju starfsári, og er þá bæði átt við sígilda sinfóníutónleika og tónleika þar sem öðrum tónlistarstefnum er gert hátt undir höfði á sinfónískan hátt.

Byggja upp og viðhalda áheyrendahópi með það að markmiði að auka fjölbreytni, dýpka sinfóníska tónleikaupplifun og auðga menningarlæsi áheyrenda á öllum aldri.

Viðhalda heiðri og merki Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og tryggja samhengi í sögu hennar.

2.3 Vettvangur fyrir aðra menningarstarfsemi, fundi og ráðstefnur

Sjá til þess að Menningarhúsið Hof sé fyrirmyndar vettvangur fyrir listviðburði af landinu öllu, aðlaðandi fyrir framleiðendur listviðburða og listafólk auk þess að vera áningarstaður innlendra og erlendra gesta. Hlúa að grasrótarstarfi í skapandi greinum með því að skapa vettvang fyrir ungt listafólk til að spreyta sig á opinberum vettvangi.

Vera fyrirmyndar vettvangur fyrir fundi og ráðstefnur

Vinna að öflugum samstarfi við aðrar menningarstofnanir og taka virkan þátt í stærri viðburðum á vegum Akureyrarbæjar s.s. Listasumri og Akureyrarvöku.

Auka menningarlæsi áheyrenda/áhorfenda á öllum aldri með því að kynna sem flesta anga skapandi greina og um leið ýta undir þátttöku þeirra svo lista- og menningalíf á Akureyri megi dafna enn frekar.

Viðhalda heiðri og merki „Menningarhússins Hof“ og tryggja samhengi í sögu þess.

2.4 Tónlistarsjóður

Að auki felur Akureyrarbær MAk að reka sérstakan tónlistarsjóð í nafni Akureyrarbæjar og Menningarfélagsins og framhald tilraunar sem gerð var með slíkan sjóð á árinu 2017. Markmið sjóðsins er að styrkja tónlistarfólk, einstaklinga eða hópa, til að leigja aðstöðu í Hofi eða Samkomuhúsinu fyrir viðburði. Nánar verður kveðið á um starfsemina í sérstakri samþykkt um hana.

3. Hlutverk LA, MH og SN

Með samningi þessum breytist hlutverk félaganna sem standa að MAk. Þau gegna ekki lengur rekstrarlegu hlutverki gagnvart verkefnum samningsins. Hlutverk þeirra verður í meginatriðum:

433
SK